


 Tilkynning um kæru 21/2023, stjórnvald.

Búið til	6.2.2023 14:57:24
Höfundur	Ásdís Baldursdóttir
Mótttekið dags.	6.2.2023 14:44:02
Tilheyrir	 USK23020076 - Gljúfrasel 10 - kæra 21/2023 - ólöglegur skúr

Efni

Tilkynning um kæru 21/2023, stjórnvald.

Upplýsingar

Vinnsla

Mótttekið dags.	6.2.2023 14:44:02	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	00.14.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð	kæurur		

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is, skipulag@reykjavik.is
Cc	Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is, harri.ormarsson@reykjavik.is, Erna.Hronn.Geirdottir@reykjavik.is, Vigdis.Thora.Sigfusdottir@reykjavik.is, Snaedis.Karlsdottir.Bergmann@reykjavik.is, Johanna.Gudjonsdottir@reykjavik.is

Innihald

Góðan dag.

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnáskýslukæru, móttekin 5. Febrúar 2023 ásamt fylgiskjali, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um álagning dagsekta vegna ólöglegs skúrs á lóð kæranda ef hann verður ekki fjarlægður.

Vegna framkominnar kröfu er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi gefið kostur á að tjá sig um kröfuna, 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; ;
 sp; ;
 Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála
 Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Íceland
 Sími / Tel: (+354) 5758710
 www.uua.is (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?
 url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C5e9e62b6537d4ccb5bde08
 db085098bc%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638112914986278323%7CUnknown
 %7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7
 C%7C%7C&sdata=ySHZgQR48k0U1ufpnFddoRFR%2FMEb2vrUHQPg58%2BrBFE%3D&reserved=0) -
 Fyrirvari/Disclaimer (https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?
 url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-
 disclaimer%2F&data=05%7C01%7Cusk%40reykjavik.is%7C5e9e62b6537d4ccb5bde08db085098bc%7C6aed
 0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C638112914986278323%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8ey
 JWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=ICd
 8n4%2Bm%2BbwYGSWvqK1Vu35v8hwjQfAH5Qlc88MAA4I%3D&reserved=0)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
 Please consider the environment before printing and choosing transport.

Viðhengi

Fylgiskjöl.pdf.pdf (819 KB)

Bréf til úrskurðarnefndar.pdf.pdf (241 KB)

Reykjavík 03.02.2023

bt.Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála.

Kæra vegna bréfs frá eftirlits deild umhverfis og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Efni: Ólölegur skúr á lóð -Áform um álagningu dagsekta.

02.02 2023 barst undirritaðri bréf frá umhverfis- og skipulagssviði vegna ólöglegan skúr á lóð Gljúfraseli 10.

Hvað varðar umræðan ófullgerðan skúr í smíðum til flutnings sem er til bráðabirgða og kemur ekki til með að vera til frambúðar.

Þá vil ég benda á að bæði viðbygging og stórt hjólhýsi með sólpalli, sem standa á nærliggjandi lóðum eru nýtt til búsetu og hafa verið notuð sem slík í mörg án leyfis að ég best veit.

Óskað er eftir því að áform umhverfis- og skipulagssvið um álagningu dagsetta.

~~Það~~ sé felld **ÚR EÐUR**

[REDACTED]
[REDACTED]
Gljúfraseli 10
109 Reykjavík



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í máli nr. 21/2023 þar sem [REDACTED] Gljúfraseli 10 kærir ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um álagningu dagsekta vegna óleyfisskúrs á lóð kæranda.

Málavextir

Þann 11. nóvember 2022 sendi starfsmaður eftirlitsdeildar, f.h. byggingarfulltrúans í Reykjavík fyrirspurn til kæranda vegna smáhýsis á lóð nr. 10 við Gljúfrasel. Viðkomandi var bent á viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar hvað varðar slík smáhýsi og var óskað skýringa. Svör eða skýringar bárust ekki.

6. desember 2022 var sent bréf með birtingarpósti til kæranda þar sem farið var fram á skúrinn yrði fjarlægður innan 30 daga. Með bréfinu er eru þau áform fyrst kynnt að ef þessum tilmælum verði ekki sinnt mun verða tekin ákvörðun um framhald málsins sem gæti falið í sér beitingu dagsektarúrræða.

Þann 19. janúar 2023 var málið tekið fyrir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Í fundargerð kemur fram að ekki hafi verið brugðist við fyrri tilmælum um að skúrinn yrði fjarlægður. Ákveðið var að tilkynna kæranda um að fyrirhugað væri að leggja á dagsektir ef ekki væri búið að fjarlægja skúrinn innan 15 daga.

Með tölvupósti, dags. 23. janúar 2023 bárust umhverfis- og skipulagssviði skýringar frá [REDACTED] þess efnis að skúrinn á lóðinni hefði verið settur upp vorið 2022 sem bráðabirgða búsetuúrræði fyrir son sinn. Fram kom einnig að skúrinn yrði fjarlægður þegar viðkomandi íbúi fengi búsetuúrræði á vegum Reykjavíkurborgar.

Tilkynning um áform um álagningu dagsekta var send kæranda með birtingarpósti þann 25. janúar 2023, birting tókst þann 1. febrúar 2023.

Kröfugerð

Kærandi krefst þess að áform um álagningu dagsekta verði felld niður.

Reykjavíkurborg krefst þess að mál þetta verði látið niður falla enda sé ekki um kæranlega ákvörðun að ræða. Til vara er þess krafist að ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík þess efnis að fjarlægja beri skúrinn og að beita skuli dagsektum ef ekki verður orðið við því, verði staðfest.



Málsástæður og lagarök kæranda

Í kæru, dags. 3. febrúar 2023 kemur fram að umræddur skúr sé í smíðum og ætlaður til flutnings.

Afstaða Reykjavíkurborgar

Ofangreind málsástæða kæranda hvað varðar að skúrinn sé í smíðum hefur ekki komið fram áður og á sér ekki stoð í gögnum málsins. Verður hér ályktað að kærandi sé að vísa í 2.6.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um stöðuleyfi sem segir að frístundahús í smíðum sé undanþegið byggingarleyfi. Engin umsókn um stöðuleyfi hefur þó borist.

Af gögnum málsins má ráða að umræddur skúr sé nýttur til búsetu, sbr. bréf frá [REDACTED] til eftirlitsdeildar dags. 24. janúar 2023. Þá er skúrinn yfir 15m² og stendur nær aðliggjandi lóð en 3m án þess að samþykki sé fyrir því. Skúrinn getur því ekki talist smáhýsi sem undanþegið er byggingarleyfi, sbr. 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar.

Byggingarfulltrúa ber að framfylgja ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Það er mat Reykjavíkurborgar að rétt sé að krefja kæranda um að fjarlægja skúrinn og að þörf sé á álagningu dagsekta ef ekki stendur til að verða við þeirri kröfu

Niðurstaða

Reykjavíkurborg ítrekar þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfu kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Snædís Karlsdóttir Bergmann, lögfræðingur
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Árið 2023, þriðjudaginn 28. mars, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Arnór Snæbjörnsson formaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 21/2023, kæra á ákvörðun eftirlitsdeildar umhverfis- og skipulags- sviðs Reykjavíkurborgar frá 25. janúar 2023 um álagningu dagsekta vegna skúrs á lóðinni Gljúfrasel 10, Reykjavík.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. febrúar 2023, er barst nefndinni 5. s.m., kærir eigandi Gljúfrasels 10, Reykjavík, ákvörðun eftirlitsdeildar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 25. janúar 2023 um álagningu dagsekta á hann vegna skúrs á lóðinni. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Reykjavíkurborg 9. mars 2023.

Málavextir: Þann 27. október 2022 barst Reykjavíkurborg kvörtun frá nágretta íbúa að Gljúfrasel 10 varðandi skúr sem stæði á lóð hússins. Þann 11. nóvember 2022 sendi eftirlitsdeild umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar kæranda fyrirspurn vegna smáhýsis á lóð nr. 10 við Gljúfrasel. Kom þar fram að vettvangsskoðun hafi leitt í ljós að smáhýsi á lóðinni væri minna en 3 m frá aðliggjandi lóð og því þurfi samþykki eigenda aðliggjandi lóðar fyrir smáhýsinu, sbr. gr. 2.3.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Jafnframt hafi ekki verið sýnt fram á að smáhýsið valdi ekki brunahættu, sbr. gr. 9.7.6. sömu reglugerðar. Kæranda var gert að leggja fram skriflegar skýringar vegna málsins innan 14 daga frá dagsetningu bréfsins. Var jafnframt bent á að yrði tilmælum ekki sinnt gæti komið til beitingar þvingunarúrræða. Kæranda var aftur sent bréf dags. 6. desember s.á., sem birt var kæranda 12. s.m., og var þar efni fyrra bréfs ítrekað og kæranda veittur 30 daga frestur til að fjarlægja skúrinn.

Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi eftirlitsdeildar og byggingarfulltrúa 19. janúar 2023, þar sem fram kom að ekki hefðu borist viðbrögð kæranda við bréfunum. Ekki lægi fyrir samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar og sambrunahætta væri til staðar. Á fundinum var bókað að leggja ætti á dagsektir að fjárhæð kr. 50.000 og gefa kæranda 15 daga frest til að fjarlægja skúrinn.

Viðbrögð við bréfum Reykjavíkurborgar bárust með bréfi dags. 24. janúar 2023. Í svarbréfi sem skrifað virðist fyrir hönd manns sem dvelur í skúrnum kom fram að skúrinn væri til bráðabirgða og að hann yrði fjarlægður um leið og félagslegt húsnæði fengist fyrir manninn. Með bréfi, dags. 25. s.m., sem birt var kæranda 1. febrúar s.á., kom fram að veittur væri 14 daga lokafrestur frá dagsetningu bréfsins til að verða við kröfu byggingarfulltrúa, en ella yrðu dagsektir að fjárhæð kr. 50.000 lagðar á kæranda.

Málsrök kæranda: Af hálfu kæranda er bent á að um sé að ræða skúr í smíðum. Skúrinn sé til bráðabirgða og til standi að flytja hann. Á nærliggjandi lóðum séu bæði viðbygging og stórt hjólhýsi með sólpalli sem nýtt séu til búsetu.

Málsrök Reykjavíkurborgar: Af hálfu Reykjavíkurborgar er þess krafist að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni þar sem ekki sé um kæránlega ákvörðun að ræða. Til vara sé þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Þau sjónarmið að skúrinn sé í smíðum hafi ekki komið fram áður og eigi sér ekki stoð í gögnum málsins. Kærandi sé væntanlega að vísa til gr. 2.6.1. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um stöðuleyfi, sem segi að frístundahús í smíðum sé undanþegið byggingarleyfi. Engin umsókn um stöðuleyfi hafi borist. Af gögnum málsins megi ráða að umræddur skúr sé nýttur til búsetu. Skúrinn sé yfir 15 m² að flatarmáli og standi nær aðliggjandi lóð en 3 m, án þess að samþykki hafi fengist fyrir því. Skúrinn geti því ekki talist smáhýsi sem undanþegið sé byggingarleyfi, sbr. gr. 2.3.5. byggingarreglugerðar. Byggingarfulltrúa beri að framfylgja ákvæðum mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar. Það sé mat Reykjavíkurborgar að rétt sé að krefja kæranda um að fjarlægja skúrinn og að þörf sé á álagningu dagsekta til að knýja á um það.

Niðurstaða: Í máli þessu er kært „bréf frá eftirlitsdeild umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar“, dags. 25. janúar 2023, um álagningu dagsekta. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, sbr. einnig 2. mgr. gr. 2.9.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012, er það byggingarfulltrúa að leggja á dagsektir. Verður litið svo á að kærð sé ákvörðun byggingarfulltrúa frá 19. s.m., en þann dag var bókað á afgreiðslufundi að leggja skyldi dagsektir á kæranda að fjárhæð kr. 50.000 að liðnum 15 daga fresti til úrbóta.

Af hálfu borgaryfirvalda hefur verið farið fram á frávísun málsins þar sem ekki liggur fyrir kæránleg ákvörðun. Þrátt fyrir að ákvörðun byggingarfulltrúa hafi verið skilyrt við að ekki yrði orðið við tilmælum hans innan 15 daga er um að ræða ákvörðun sem bindur enda á mál í skilningi 2. mgr. 26. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, enda þarf ekki aðra ákvörðun byggingarfulltrúa til að hefja álagningu dagsekta. Kæruheimild vegna ákvarðana byggingarfulltrúa er að finna í 59. gr. laga nr. 160/2010. Verður mál þetta því tekið til efnis meðferðar.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 er óheimilt að grafa grunn fyrir mannvirki, reisa það, rífa eða flytja, breyta því, burðarkerfi þess eða lagnakerfum eða breyta notkun þess, útliti eða formi nema að fengnu leyfi viðkomandi byggingarfulltrúa. Mannvirki er skilgreint í 13. tölul. 3. gr. laganna sem hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefnis eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar.

Í máli þessu er um að ræða skúr sem samkvæmt upplýsingum byggingarfulltrúa er tengdur við frárennislislagnir á lóðinni. Af gögnum málsins má ætla að um tímabundna byggingu sé að ræða sem ætluð sé til svefnis og daglegrar dvalar manns sem leitar annars búsetuúrræðis. Ekki eru til nákvæmar upplýsingar um hvenær búseta hófst í skúrnum en hann má þó sjá á loftmynd Borgarvefsjár sem tekin var 20. júlí 2022. Verður því ekki talið óvarlegt að ætla að skúrinn hafi verið ætlaður til svefnis eða daglegrar dvalar í fjóra mánuði eða lengur. Var skúrinn því háður leyfi frá byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010.

Í gr. 2.3.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er fjallað um minniháttar mannvirkjagerð sem er undanþegin byggingarheimild og -leyfi. Í f-lið ákvæðisins eru talin upp smáhýsi sem eru að hámarki 15 m² og mesta hæð þaks sé 2,5 m mælt frá yfirborði jarðvegs. Sé smáhýsið minna en 3,0 m frá aðliggjandi lóð þurfi samþykki eigenda þeirrar lóðar. Slík smáhýsi séu ekki ætluð til gistingar eða búsetu. Umræddur skúr er bæði stærri en 15 m² og nær lóðamörkum en 3,0 m. Fyrir byggingu hans var ekki aflað samþykkis nágranna. Er skúrin því ekki undanþeginn byggingarheimild og -leyfi.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. laga nr. 160/2010 er byggingarfulltrúa heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þeir skulu hlutast til um samkvæmt lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, eða láta af ólögætu athæfi. Samkvæmt öllu framangreindu var byggingarfulltrúa heimilt að leggja á dagsektir vegna hinnar ólögætu framkvæmdar og þykja dagsektir hans ekki úr hófi.

Samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar frá 21. mars 2023 höfðu dagsektir þá ekki enn verið lagðar á kæranda. Með vísan til 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þykir rétt, eins og atvikum máls er háttað, að dagsektir sem kunna að verða lagðar á frá þeirri dagsetningu til og með uppkvaðningu þessa úrskurðar falli niður.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um að felld verði úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 19. janúar 2023, þar sem bókað var á afgreiðslufundi að leggja ætti á dagsektir kr. 50.000 að liðnum 15 daga fresti til úrbóta.

Arnór Snæbjörnsson (sign)

Karólína Finnbjörnsdóttir (sign)

Þorsteinn Þorsteinsson (sign)